



## Fundargerð

**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 145. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundum, 12. október 2020, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Þorkell Lindberg Þórarinnsson, varamaður varaformanns stjórnar,  
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,  
Eyrún Arnardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,  
Steingrímur Karlsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Gestir:

Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell,  
Steinunn Hödd Harðardóttir, starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði,  
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Þorvarður Árnason, sérfræðingur.

#### 1. Svæðisráð austursvæðis - 98. fundur - 2010004F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

#### 2. Svæðisráð vestursvæðis - 87 - 2009004F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

#### 3. Svæðisráð suðursvæðis - 84 - 2009006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 4. Svæðisráð norðursvæðis - 74 - 2010001F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

#### 5. Staðan í rekstri 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu rekstrar þjóðgarðsins janúar til og með ágúst.

#### Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:00

*Fjármálastjóri kynnti stöðu í rekstri stofnunarinnar sem er í góðu samræmi við gildandi rekstraráætlun.*

## 6. Rekstraráætlun 2021 - 2009036

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála vegna rekstraráætlunar 2021.

### Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:00

*Fjármálastjóri kynnti stöðuna í vinnu við gerð tillögu að rekstaraáætlun fyrir árið 2021. Skilafrestur rekstraráætlunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hefur verið framlengdur til 1. nóvember nk. og því er þarf að halda stjórnarfund mánudaginn 26. október nk. til að fjalla um áætlun næsta árs.*

*Vegna Covid-19 heimsfaraldursins munu áætlaðar sértekjur Vatnajökulspjóðgarðs á árinu 2021 aðeins verða um 100 milljónir og því vantar um 200 milljónir til að reksturinn getir orðið með svipuðum hætti og á þessu ári. Stofnunin hefur þegar sent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sérstakt erindi til að benda á þessi alvarlegu stöðu og óskað aðstoðar eins og fékkst á yfirstandandi rekstrarári vegna Covid-19 heimsfaraldursins.*

## 7. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2001003

Fyrir fundinum lá skýsla starfandi þjóðgarðsvarðar.

## 8. Dettifossvegur - Vegagerð um Vesturdal og Hljóðakletta - 2007015

Stjórn upplýst um stöðu mála.

*Formaður svæðisráðs norðursvæðis kynnti stöðuna í þessu máli. Vegagerðin vinnur að því að endurhanna veginn og fella hann betur inn í umhverfið auk þess að reyna sem best að tryggja að ekki verði tjón á veginum og nágrenni vegna leysinga og/eða vatnavaxta.*

Aðalfulltrúi náttúruverndarsamtaka viku af fundi undir þessum lið.

## 9. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Fyrir fundinum lágu drög s&V fyrir Breiðamerkursand.

### Gestir

Þorvarður Árnason, sérfræðingur - 14:00

*Þorvarður kynnti tillögu svæðisráðs suðursvæðis að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlunar dags. 5. október 2020 vegna stækkunar þjóðgarðsins á Breiðamerkursandi. Einnig kynnti hann greinargerð sem fylgir með tillögu að viðaukanum.*

*Stjórn þakkar afar góða vinnu við gerð tillögu að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand og óskar eftir að hún verði send til umsagnar til Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar í samræmi við 12. grein laga um Vatnajökulspjóðgarð. Eftir umfjöllun framangreindra fagstofnana verði tillagan að nýju tekin til afgreiðslu í stjórn áður en hún verður auglýst opinberlega til umsagnar.*

*Fulltrúi SAMÚT leggur áherslu á að tekið verði tillit til framkominna athugasemda frá veiðimönnum.*

## 10. Vatnajökulspjóðgarður - Framtíðarsýn og leiðarljós - 2009041

Fyrir fundinum lá minnisblað um framtíðarsýn og leiðarljós þjóðgarðsins.

*Stjórn samþykkir tillögu formanns og framkvæmdastjóra um að hafin verði vinna við stefnumótun, framtíðarsýn og leiðarljós fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Framkvæmdastjóra falið að hrinda verkefninu í framkvæmd með ráðgjafa í samráði við formann stjórnar.*

## 11. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.